

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. mars 2021
Tilvísun: 202103-0017/42-1-0
LA
okv/rth

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (friðlýsing trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs), 527. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir með frumvarpinu að falist geta menningarleg gildi í trjálundum, stökum trjám og garðagróðri þar sem þau tengjast ræktunarsögu þjóðarinnar eða hafa að geyma mikilvægar erfðaupplýsingar. Hins vegar vill stofnunin benda á að þörf er að setja mjög skýr markmið og reglur um friðlýsingar á slíkum gróðri og að hann sé ekki settur á hærri stall en íslenskar plöntutegundir, vistgerðir og landslag. Þá þarf að hafa umsjón og umhirðu með slíkum menningarminjum og uppræta óæskilega útbreiðslu tegunda ef vart er við slíkt. Trjálundir geta með tíma spillt ásýnd svæða eða landslagi og meta þarf hverju sinni hvort það sé ásættanlegt í íslenskri náttúru.

Virðingarfyllt,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstjóri

